

Hussein Chalayan
og áhrif umhverfis á fatnað

Margrét Sigríður Valgarðsdóttir

Listaháskóli Íslands

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Fatahönnun

Hussein Chalayan

og áhrif umhverfis á fatnað

Margrét Sigríður Valgarðsdóttir

Leiðbeinandi: Bryndís Björgvinsdóttir

Vorönn 2012

Útdráttur

Ritgerð þessi lýsir hvernig umhverfisáhrif úr samfélaginu hafa haft áhrif á fatnað og fatahönnun. Þau áhrif koma meðal annars úr samfélaginu sem og pólitíkinni, nýjustu tækninni og veðráttunni. Þessir þættir sem hafa áhrif á fatahönnun verða skoðaðir í samfloti með hugmyndafræði fatahönnuðarins Hussein Chalayan, þar sem að hann var mikill innblástur við skrif og hugleiðingar í efni ritgerðarinnar. Hugmyndafræðin hans snýst s.s. mikið um það að finna innblástur út frá utanáliggjandi áhrifum sem eru að finna í nútímasamfélagi, í náttúrunni og hvernig hann vinnur úr þeim og eða hvernig hann tjáir sig og eða vekur athygli á atburðum sem gerast í heiminum sem eru næst honum og hans áhugasviði. Miðillinn sem hann velur að tjá hugmyndir sínar eru flíkurnar sem hann hannar og býr til. Í ritgerðinni verður farið yfir helstu verk hans og hugmyndafræði á bakvið fatnaðinn til að öðlast dýpri skilning á hversu margþætt hönnunarferli getur orðið. Til rökstuðnings verður tekið fyrir umhverfisþáttinn vindinn til útskýringar á þessu hönnunarferli, hvernig hann hefur áhrif á fatnað og lagt verður áherslu á að útskýra ferlið skref fyrir skref. Í áframhaldinu verður útskýrt hvað það er sem býr að baki við gerð fatnaðar í hönnunar- og eða listrænum tilgangi og alla leið til endaútkomu fatnaðarins sem útskýrt verður með myndum. Chalayan sem fatahönnuður er ef til vill í þeim flokki sem hannar flíkur í þeim tilgangi að vera frekar list heldur en tilbúna flíkur. Því að oft en ekki eru flíkurnar sem hann hannar þannig að þær eru framúrstefnulegar að því leyti að tæknin í dag er ekki nógu þróuð svo þær séu nothæfar í daglega notkun. Chalayan beislar hið ósýnilega í umhverfinu þar á meðal vindinum og gerir umhverfisþáttinn sýnilegan með því að tjá hann í fatnaði og með öðrum miðlum sem og rýmisverkum og vídeo verkum til að útskýra sig enn frekar og til að fólk öðlist meiri skilning á hvað það er sem hann er að reyna að tjá. Hann er maður hugsjóna og virðist vilja vekja umhugsunar á því sem er næst okkur í umhverfinu, og því sem er svo nálægt okkur að það snertir líkama okkar, fatnaðurinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Hussein Chalayan.....	7
Hugmyndasmíð og verk	9
Listræn nálgun á veðurfar	15
Ímyndir fatnaðar og endurspeglun á fortíðinni	16
Að klæðast fatnaði umhverfisins	18
Lokaorð	20
Heimildaskrá.....	22

Inngangur

„This way of thinking about fashion is still quite new to the fashion world, but it’s what is moving things forward.“¹

Tilvísunin eru orð tyrkneska fatahönnuðarins Hussein Chalayan, fengin úr viðtali þar sem hann ræddi um nýja tækni og samband tækninnar við fatnað og tísku. Chalayan hefur frá því að hann útskrifaðist úr *Central Saint Martins* árið 1997 staðið frammarlega í flokki fatahönnuða. Hann hefur tvisvar unnið til verðlauna sem besti breski fatahönnuður ársins, árin 1999 og 2000.² Hvernig sem hann gerir það þá má líta sem svo á að frumlegar uppfinningar hans og nýstárleg nálgun á ýmsum miðlum spili þar stórt hlutverk, þar á meðal skúlptúrar hans, húsgagnahönnun og sýningar á véoverkum sem hann nýtir í tískusýningunum sínum og jafnvel einnig innsetningar á listasöfnum. Í stuttu máli fær hann innblástur frá hinu pólitíska umhverfi, félagslega heimi og efnahagslega raunveruleika okkar samtíma og hans listræna tjáning felst helst í tjáningu með flíkum sem taka form útfrá bæði notagildi og sínu nánasta umhverfi.³ Hvorutveggja notagildið og nánasta umhverfið eru opin viðfangsefni hönnuðarins – síbreytileg eftir því hvaðan hann fær innblástur hverju sinni – og þar að leiðandi breytist fatnaðurinn til og frá út frá líkamanum sem klæðist honum. Eftirfarandi þrjár þættir hafa veitt Chalayan hvað mestan innblástur og eru þar af leiðandi ákveðinn grundvöllur í verkum hans, þeir eru: umhverfið (þar á meðal veður, arkitektúr, fatahönnun), tækni (efni og efnisbeyting) og hið pólitíska samfélag (líkaminn í samfélaginu). Hvernig hann vinnur út frá þessum þremur þáttum verður fjallað um í þessari ritgerð og farið verður yfir hvernig þeir hafa bein áhrif á formþætti fatnaðar. Afleiðing og samtvinning þessara þriggja þátta verða að lokum að einskonar niðurstöðu, fatnaðinum sem hann hannar. Til að varpa skýrara ljósi á þessa samþættingu verður rýnt í nokkrar sýningar Chalayan, þá aðallega *Before Minus Now* (2000), *Airborne* (2007), *One Hundred and Eleven* (2007) og *Inertia* (2009). Allar þessar sýningar búa yfir sameiginlegu hönnunarferli og svipuðum áherslum og hafa nú aðferðir

¹ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, Berg, Oxford/New York, 2002, bls. 2.

² *Designboom*, 2012, sótt 15. nóvember 2011, <<http://www.designboom.com/eng/interview/chalayan.html>>

³ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 26.

Chalayan við hönnunarvinnuna orðið einkennandi fyrir hann. Þar af leiðandi er áhugavert að skoða verkin hans sem slík og hvernig þau bera öll keim af hans persónulegu áhrifum og innblæstri.

Hussein Chalayan

Hüseyin Çağlayan, eins og nafn hans er rétt skrifað, kemur upprunalega frá Kýpur. Hann flutti síðan til London þar sem hann lærði fatahönnun í *Warwickshire School of Arts* og fór þar á eftir í áframhaldandi nám í *Central Saint Martins*. Á útskriftarsýningu Chalayan, sem fram fór árið 1993 og hét *The Tangent Flows*, sýndi hann föt sem hann hafði grafið í bakgarðinum heima hjá sér og grafið síðan upp aftur. Sýningin gaf forsmekkin að hans áframhaldandi flókna sköpunarferli.⁴ Chalayan byggði hugmyndafræðina á bakvið sýninguna á tvíeðli anda og efnis. Og hann útskýrir hugmyndafræði sína með eftirfarandi orðum: „It was about the life of a scientist trying to integrate Eastern philosophy into the Western Cartesian worldview, and the revolts she encountered in her journey.”⁵ Segja má að Chalayan hafði alltaf haft ákveðnar og tiltekna hugmyndir að baki hverrar sýningar fyrir sig, og þá sér í lagi hugmyndir sem snerta hann persónulega og/eða tengjast uppruna hans.⁶

Chalayan hélt sýningu í Louvre í París árið 2011 þar sem öllum hans helstu verkum var teft fram. Höfundur fór á þessa sýningu til að kynna sér ennfremur hve virkilega kraftmikill hugsjónamaður Chalayan er og til að komast í meiri nágvígi við viðfangsefnið. Sýningin varpaði skýru ljósi á hve mikið Chalayan hefur þróast í hugsun og tækni síðan hann útskrifaðist úr skólanum – síðan hann var að grafa niður föt fyrir útskriftarsýninguna síma þar sem það var jú ákveðin leið til að móta nýja tækni eða aðferðir við meðhöndlun og vinnslu á fataefni. Segja má að Chalayan hafið síðan hlotið sína fyrstu heimsathygli þegar hann hannaði *Airmail* pappírs kjólana, sem sniðnir voru úr Tyvek syntetískum pappír og brjóta mátti saman, skrifa á og senda í pósti sem einfalt

⁴ Fashion Model Directory / Designers, Fashion Model Directory, 2011, sótt 30. nóvember 2011, <<http://www.fashionmodeldirectory.com/designers/hussein-chalayan/>>

⁵ „Buried Dresses“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.

⁶ *Designboom*, sótt 15. nóvember 2011, <<http://www.designboom.com/eng/interview/chalayan.html>>

umslag.⁷ Chalayan hannaði einnig jakka á Björk úr þessu sama efni sem hún klæddist framan á plötuumslaginu sínu *Post* frá árinu 1995. Þetta samstarf þeirra var einungis fyrsta skrefið í átt að áframhaldandi samstarfi þeirra á milli því Björk samþykkti sama ár að vera fyrirsæta á einum af sýningum hans.

Í hönnunavinnu leggur Chalayan mesta áherslu á að endurspegla og/eða tjá hvað er að gerast í samtímanum, samfélaginu og hinu pólitíska umhverfi. Hann veltir fyrir sér hvernig framtíðin muni koma til með að líta út í hinum efnislega heimi. Honum tekst að grípa alla þessa þætti og fletta saman í innsetningar og verk, auk þess að halda sig innan reglna fatahönnunargeirans með því að sýna tvær tískusýningar á ári hverju. Samt sem áður er hann fyrst og fremst hönnuður sem vill vera sjálfum sér trúr eða eins og hann orðaði það sjálfur í viðtali: „I'd say I'm natural, quite opinionated and that I don't like to stand out too much.“ Má túlka þessi orð hans þannig að hann sé með mjög ákveðnar skoðanir og sé framsækinn að eðlisfari, að minnsta kosti að því marki að honum tókst ósjálfrátt að fanga athygli Bjarkar Guðmundsdóttur með góðum og framúrstefnulegum hugmyndum sem heilluðu hana.⁸ Hann sýnir þó ekki einungis framúrstefnulega hugsun heldur hefur hann einnig kynnt til sögunnar marga möguleika innan fatahönnunar þegar kemur að tækni og virkni fatnaðar, og í stórum hluta verka hans hefur hann unnið með tilraunir með notkun á rafeindabúnaði í fatnaði.

Chalayan segist fá innblástur frá hinu byggða umhverfi og líkömum fólks innan þess og í því ljósi hefur tækni í nútímasamfélagi og hinu manngerða umhverfi alltaf meiri og meiri áhrif á daglegt líf í heiminum – og hvers vegna ætti fatnaður ekki að vera með í þeirri þróun?

Chalayan's strategy is to integrate clothing with its surroundings not by merely making dresses look architectural, but by rendering a comprehensive understanding of different environments and the diverse factors that create them. He reconciles the practical reasons for clothing while interpreting them as components of a modular environmental system where garments relate to larger architectural principles.⁹

Svo er Chalayan lýst í kafla bókarinnar *Techno Fashion* þar sem aðferðir hans og framúrstefnu hugsun í þessum málefnum eru útskýrð. Chalayan virðist leitast við að rækta mjög góða tilfinningu fyrir því sjónræna í kring um sig og innviði hugmyndaheims

⁷ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 121.

⁸ *Björkish*, 2009, sótt 10. maí 2012, <<http://www.bjorkish.net/b-faq/connections/c-hus.htm>>

⁹ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls 28.

hans snýr að tækni, nýsköpun til framtíðar og hagnýtri hönnun sem þjónar þá margbreytilegra hlutverki en einungis þeim að búa til flík.¹⁰ Og til að fullkomna hugmyndirnar sínar þá notar hann miðilinn, fatahönnunina, því þar nær hann að tengja á milli líkamans og umhverfisins í kringum hann – í þeim skilningi að líkaminn sé mótið og fatnaðurinn tjáningin út frá umhverfinu. Því til rökstuðnings langar mig að skoða verkin hans betur, hvernig hann vinnur flíkurnar og allt að lokaútkomunni, tískusýningunni og/eða þegar á við, innsetninguna.

Hugmyndasmíð og verk

Á sýningunni *Before Minus Now* (2000) hafði Chalayan veðráttu og áhrif hennar á náttúrulegt umhverfi að leiðarljósi. Þar leitaðist hann við að sýna fram á hvernig ósýnilegir kraftar og/eða útrofin í náttúrunni hafa áhrif á form og uppbyggingu fatnaðar. Chalayan birti þar rannsókn á kraftinum í útrofunum sem gerast í náttúrunni þar á meðal útpenslu, aðdráttarafli, rofi og svörfun og hvernig hægt er að beita þessum þáttum í að skapa form á fatnað. Til að útskýra meðal annars útpenslu notaði Chalayan hita til að móta form á logandi rauðan kjól, þannig þandi hann efni kjólsins út á meðan það krumpaðist



eða féll saman á náttúrulegan hátt á neðanverðum kjólnum.¹¹ Og til að útskýra hvernig áhrif rofs kemur út á flík þá skar hann og mótaði formlaust tjullefni í kjólinn *The pink tulle dress*, eins og sést á myndinni hér til hliðar.¹² Þar má sjá hvernig rof sem búið er til á

¹⁰ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 26.

¹¹ „Before Minus Now“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.

¹² Ljósmynd tekin af vefsíðunni: *Honue: (Hon)est & (Tr)ue*, Wordpress.com, 2009, sótt 10. maí 2012, <<http://honue.wordpress.com/2009/04/17/hussein-chalayan-dress/>>

sama hátt og fjöll myndast lítur út á efni,¹³ náttúrulegt rof þar sem að veður, árvegur og/eða jöklar hafa brotið niður ytra yfirborðið á fjöllum og landslagi.¹⁴ Í því ljósi urðu skærin að útrofinu sem hafði síðan áhrif á hvernig tjullið mótaðist. Verkefnið vann hann að hluta til með verkfræði- og arkitektafyrirtækinu *B Consultants* og bjó hann einnig til í samstarfi við fyrirtækið munstur sem síðan var prentað á silki og bómullarefni með vélknúinni aðferð. Munstrið á kjólunum sem urðu til út frá þessu samstarfi voru með sterkum hreinum línum á hvítum bakgrunni. Munstrið var búið til af sérstöku tölvuforriti fyrir arkitekta sem teiknar upp tölvuteiknað landslag í þrívídd,¹⁵ eins og sést á meðfylgjandi mynd.¹⁶



Before Minus Now, 2000.

¹³ „Before Minus Now“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.

¹⁴ *Vísindavefurinn*, 2012, sótt 10. maí 2012, <<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=3815>>

¹⁵ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 30.

¹⁶ „Before Minus Now“, *Heimasíða Hussein Chalayan*, Hussein Chalayan, 2000, sótt 12. Janúar 2012, <http://www.husseinchalayan.com/#/past_collections.2000.2000_s_s_before_minus_now.11/>

Með sýningunni vildi Chalayan helst þó minnst vindsins í umhverfinu og gildi hans í náttúrunni. Vindurinn er eitt af útrofunum í náttúrunni og er kraftmikið verkfæri sem getur breytt og búið til form.¹⁷ Í því ljósi hannaði Chalayan *The Remote Control dress* sem sýnir fram á hvernig tvíanna má saman há-tækni og fatahönnun, og vann hann kjólinn þá út frá upphaflegu hugmyndinni þar sem hann rannsakar áhrif ósýnilegra krafta eða útrofa á fatnað. Chalayan þróaði út frá þessari sýningu sinni öðruvísi nálgun á hvað fatnaður er og í rauninni skapaði hann nýjan grundvöll fyrir því hvað kjarninn í fatahönnun getur orðið, sé fatahönnun skoðuð út frá forsendum umhverfisins og nýrra tæknimöguleika. *The Remote Control Dress* var búinn til úr efnum úr flugvélavængjum¹⁸ og bjó hann yfir fullkomnlegri tækni- og umhverfislegri nálgun: Kjóllinn sýndi samband líkamans við hið ósýnilega og hið óáþreifanlega – þyngdaraflið, veðrið, flugið, útvarpsbylgjur, hraða, og þar fram eftir götunum.¹⁹ Þarna hann vann hann aftur með hugmyndina á bakvið *the pink tulle dress* þar var þetta ósýnilega afl sem að innblásturinn var þetta ósýnilega afl formum kjólsins yfir í eða útrof sem breytir sameinar náttúrulega og tæknilegri útgáfu, sem verki.²⁰ Kjóllinn býr að tilvísun í flugvélar og tæknilega þætti í einu er í þessum skilningi, vísu einnig yfir einnig ákveðin virkni þeirra. Flugvél þáttum sem hafa meðal með tilliti til verksins, sem mest, samtíð og holdgerving á þeim arkitektúrs og tækni. annars snert Chalayan fyrsti í sínum flokki til að veðráttu, umhverfis, Chalayan var einn sá



The Remote Control Dress, (2000)

ósýnilega og hið óáþreifanlega – þyngdaraflið, veðrið, hraða, og þar fram eftir hann aftur með *the pink tulle dress* þar var þetta ósýnilega afl formum kjólsins yfir í sameinar náttúrulega og verki.²⁰ Kjóllinn býr að tilvísun í flugvélar og er í þessum skilningi, einnig ákveðin þáttum sem hafa meðal sem mest, samtíð og arkitektúrs og tækni. fyrsti í sínum flokki til að

¹⁷ „Before Minus Now“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.

¹⁸ Syusi Pakhchyan, *Fashioning Technology*, Syusi, 2012, sótt 8. maí 2012
<<http://www.fashioningtech.com/profiles/blogs/hussein-chalayan-exhibit-at>>

¹⁹ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 51.

²⁰ „Remote Control Dress“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011. bls. 15.

þróa og búa til þráðlausan fatnað sem er virktur með fjarstýringu. Þá notast hann við há-tækni og ákveðið efnisval til að koma á fót sambandi á milli manneskjunar sem klæðist fatnaðinum og umhverfisins sem hún hrærist í. Einnig hefur hann rannsakað hvernig koma megi saman innanhússhönnun og arkitektúr í einu og sömu flíkinni.²¹ Óhætt er að segja að Chalayan nýti þá möguleika sem fást í samtímanum – enda er endalaust hægt að finna og nálgast nýja umhverfisþætti til sköpunar á fatnaði.

Árið 2007 hélt Chalayan tvær sýningar, *Airborne* og *Hundred and Eleven*, og var sú fyrri undir áhrifum frá flugvélum, árstíðunum fjórum og veðrinu.²² Sú síðastnefnda *Hundred and Eleven* einkenndist af svipuðum innblæstri og sýningin *Before Minus Now*, þar sem fluvélavængir, uppsetning þeirra og veðráttan komu við sögu – þetta einstaka afl sem sífellt flæðir í umhverfinu og líka í gegnum verk Chalayans. Á sýningunni *Airborne* veltir hann einnig fyrir sér flugvélum og áhrifum vinds á líkamann og klæðnað.²³ Í fatalínunni þar mátti ímynda sér að flugvélin tákni líkamann sem vindurinn stjórnar, og fatnaðurinn sé eins og stélið sem veitir annað hvort viðspyrnu gegn vindinum eða nýtir aflið til að fleyta líkamanum (flugvélinni) áfram. Efnisvalið í línunni vísar í árstíðirnar fjórar og einnig notkunin sem stemmir við hvernig veðrið lætur á milli árstíða. Meðal annars var „sumarið“ táknað sem kjóll úr gulllituðu efni, hugsanlega tilvísun í málm sem að sumri til varpar sólarljósinu út á við. Sniðin á flíkunum vísuðu í flugvélastél og



Airborne. (2007)

²¹ Bradley Quinn, *Techno Fashion*, bls. 2.

²² „One Hundred and Eleven“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011, bls. 12.

²³ „Airborne“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011, bls. 20.

vængi. Í heildina voru áhrifin bæði úr náttúrunni og frá flugvélum sem Chalayan túlkaði á ljóðrænan hátt, viðspyrnuna, kraftinn og samræmi tækni og náttúru.²⁴

Sýningin *One Hundred and Eleven* var einstök að því leytinu til að þar sýndi Chalayan fatnað sem var knúinn með þráðlausum vélbúnaði sem dró efnið sundur og saman. Flíkurnar breyttust úr einu sögulegu tímabili yfir í annað og enduðu módelin jafnvel án fatnaðar en þó með hatt á höfðinu, þar sem fatnaðurinn hafði dregist allur saman upp undir hattinn, næstum eins og um sjónblekkingu væri að ræða. Eins og segir frá í grein um sýninguna þá gekk módelið inn á tískupallinn og stóð kyrrt, klætt í síðan kjól, með háu hálsmáli og í korseletti, undir innblæstri frá fatatísku Viktoríu tímabilsins. Þar næst byrjuðu fötin að hreyfast til á módelinu og endurskilgreinast yfir í önnur tímabil mannkynssögunnar.²⁵ Meginhugmynd sýningarinnar var að flíkurnar tækju tímaflakk og breyttust því frá einu tímabili í sögunni yfir í annað með hjálp tækninnar sem hafði verið komið fyrir í fatnaðinum.²⁶



Sami kjóllinn, fyrir og eftir breytingar. One Hundred and Eleven, 2007.

²⁴ „Airborne“, Tilv. rit, bls. 20.

²⁵ Sarah Mower, „Chalayan“, Style.com, October 4, 2006, sótt 30. Nóvember 2011.
<<http://www.style.com/fashionshows/review/S2007RTW-HCHALAYA/>>

²⁶ „One Hundred and Eleven“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011. bls. 12.

Í framhaldinu af síðastnefndri sýningu sinni, *One Hundred and Eleven*, tók Chalayan hugmyndir sínar í fleiri áttir. Næst rannsakaði hann til að mynda hvernig form frystast á einu augnabliki. Hann hefur einnig augljóslega, eins og hefur komið fram, nýtt sér áfram rannsóknir sínar á krafti vindsins og þróað með sér í gegnum ferilinn. Hönnuðurinn er augljóslega oft mjög áhugasamur um þetta tiltekna óljósa fyrirbæri sem verður aðeins sýnilegt þegar það snertir sýnilegan hlut og hefur áhrif á hann. Til að mynda mátti sjá augljós áhrif þessa á sýningunni *Inertia*, frá árinu 2009.



Inertia, Spring / Summer 2009

Í þessu tiltekna verki, *Inertia*, rannsakaði Chalayan áhrif hraða nútímans og notaðist hann meðal annars við skellinn þegar árekstur verður – og fangar hann í fatnað á því augnabliki sem hann á sér stað: „Speed has become the essence of all facets of how we live our lives today, where daily processes are speeded up to achieve as much as possible in the quickest possible time.“²⁷ Verkið er úr sílikoni, og er fullkomin eftirmynd af því hvernig formið varð á því augnabliki sem það kemst í snertingu við vindinn þar sem honum var varpað á fatnaðinn af sama krafti og fæst úr flugvélahreyfli. Þessi nálgun

²⁷ „Inertia“, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011. bls. 18.

er mjög áhugaverð að því leitinu til að hér er Chalayan að mæla umhverfisþætti og hvernig þeir hafa áhrif á birtingarmynd líkamans í umhverfi sínu, og hann skjalfestir það á mjög svo augljósan en fallegan máta, áhrif vindsins, í fatnaðinum.

Listræn nálgun á veðurfar

Fatnaður er ekki aðeins hlutur sem við notum til að verja líkamann gegn kulda eða fela nekt í nútímasamfélaginu heldur er hann einnig tungumál hönnuðarins og ímynd manneskjunnar sem klæðist honum. Umhverfið má nýta sem innblástur og er þar að auki beinn áhrifavaldur á formþætti klæðnaðar þegar kemur að veðurfari. Vindur hefur áhrif á líkamann og umhverfið – afl sem aðeins er hægt að sjá þegar hlutir verða fyrir vegi þess. Í gegnum söguna hefur vindur haft bæði neikvæð og jákvæð áhrif á klæðnað, en aðallega neikvæð eins og í tilviki Crinoline pilsisins. Crinoline pilsíð kom á markað árið 1850 og var mjög kærkomið hjá kvenfólki sem fékk aftur aukið frelsi til að hreyfa fæturna eftir að hafa klæðst kjólum sem voru hlaðnir efni og þungir fyrir vikið. Ókostir krínólín pilsisins voru þó þeir að brunahætta steðjaði að þegar því var klæðst þar sem það vildi sveiflast í tíma og ótíma og nuddast þannig við fæturna. Einnig var erfitt að setjast í því og enn erfiðara að stjórna því þegar það var mikill vindur, sem bjó til mörg mjög óþæginnleg atvik fyrir konur. Við enda sjötta áratugar nítjándu aldarinnar var það síðan talið vera mjög ljótt og var því skipt út fyrir *the long princess line* fatastílinn.²⁸

Veraldlegir hlutir verða að birtingarmynd vindsins, þ.e. þeir gera hann sjánlegann. Hægt er að ímynda sér vind sem blæs á pils, til að mynda úr þunnu og léttu efni. Þá afmyndast form pilsisins sem tekur þar að leiðandi á sig aðra mynd, og svo enn aðra, og allskonar önnur form með endalausum möguleikum. Þar af leiðandi þjónar upphaflega form pilsins ekki hlutverki sínu lengur, það er sífellt að afmyndast. Vindurinn afmyndar form fatnaðarins og gerir hann gjarnan að formleysu. Efnið eða vefnaðurinn gerir flíku kleift að mótast og formast upp á nýtt sökum vindsins. En þar sem að tíminn stendur ekki í stað – líkt og hann gerir á ljósmynd – er það tímaleysið sem leysir formin úr læðingi. Stór og mikill kjóll getur þannig orðið að einstöku sjónarspili þegar vindurinn leikur sér að efninu. Út frá þessu dæmi er hægt að benda á hvernig vindurinn getur áorkað sem

²⁸ Joanne Entwistle, *Fashion and Gender*, bls. 155.

innblástur, bæði hvað varðar áhrif og uppruna að nýrri hönnun, sem beislar vindinn í efni: Í samspili hönnunar á fatnaði og veðurfari beislast hið ósýnilega og blandar saman formi líkamans og þeim umhverfisáhrifum sem beinast að honum. Hluti af þessu er að sjálfsögðu að gera hið ósýnilega áþreifanlegt, til að sýna það að hið ósýnilega getur umbreytt einhverju og sagt eitthvað um sambandið á milli þess og hlutarins – sem er kjóllinn í þessu samhengi, á milli manneskjunnar sem klæðist honum og umhverfinu í kringum hana.²⁹ En þar sem að mikið er af áhrifum umhverfisins og útrofanna í náttúrunni í verkum Chalayan er vert að skoða nánar sögu og ímynd fatnaðar, og innan hvers ramma Chalayan þarf að starfa til þess að getað kallað sig fatahönnuð – þar sem að nálgun hans á fatahönnun er nýstárleg og að mörgu leyti öðruvísi en saga fatahönnunar og hönnuða hefur verið. Þó svo að innblástur fatahönnuða getur komið úr mjög mismunandi áttum eru þó atriði sem eru þess eðlis að það er erfitt að vera án þeirra þegar fatnaður er hannaður, og þar kemur sagan og myndir úr fortíðinni meðal annars til sögunnar.

Ímyndir fatnaðar og endurspeglun á fortíðinni

Chalayan er einstakur á þann hátt að hann byrjar sköpunarferlið sitt gjarnan á að búa til rýmisverk sem er annað hvort myndefni eða innsetning á listasýningu, sem þjónar þá þeim tilgangi að frjóvga hugsun og meðvitund þess sem horfir á það. Rýmisverkið á að vekja áhorfendann til umhugsunar á samtímanum og þeim umhverfisþáttum sem Chalayan er að vinna með hverju sinni. Í því ljósi er áhorfandinn settur í hlutverk líkamans sem tengist sínu náttúrulega umhverfi þegar hann hugsar um þessa þætti – umhverfi, tækni og pólitískt samfélag – og þannig hefur Chalayan staðsett líkamann í því kunnulega. Efniskennda og sjáanlega túlkunin á því og/eða sambandið á milli líkama og umhverfis verður að fatnaðinum. Chalayan er að tjá tengslin sem eiga sér stað þarna á milli og er það hönnunin. Þessi nálgun í fatahönnun er nýstárleg að því leyti að í stuttu máli er hönnun á fatnaði venjulega sprottin út frá frá ákveðnu myndefni, tíðaranda fortíðarinnar, áhugaverðu efni úr samtímanum eða vísun í það sem mannkynssagan hefur að geyma og hægt er að læra af svo að hjólið sé ekki fundið upp aftur og aftur. Þess

²⁹ Bradley Quinn, *Techno Fabrics*, bls. 51.

vegna er vaninn iðullega sá að vísa í hluti sem eru þegar til, eins og ég, höfundur ritgerðar hefur lært að gera í gegnum námið við Listaháskóla Íslands. Að þessu leytnu til er Chalayan öðruvísi gagnvart hugmyndavinnu sinni en margir, þar sem hann hefur tekist að beisla og nota hið ósýnilega, þá vindinn, í þessu samhengi, og gert sýnilegan og birt síðan í formi fatnaðar.

Í samtímanum klæðir fólk sig á þann hátt að það fylgist með hvernig aðrir klæða sig með því að fletta til dæmis í gegnum myndir af fólki í fötum í einhverjum vissum stíl. Það er stíllinn sem gerir það að verkum að fötin og líkaminn sem klæðist þeim sameinast og verða að því sem er í gangi hverju sinni,³⁰ Verk og fatnaður Chalayan hefur hinsvegar að geyma háþróaðan og tvískiptan leik að myndum úr fortíð, framtíð og samtíð – og þar sem að hann er sá sem býr til fatnaðinn í dag þá er hann þegar búinn að gefa myndir af sínum eigin verkum í mannkynssöguna. Fólk framtíðarinnar á ef til vill eftir að sjá myndir af fötum Chalayan og fá lánaðar fyrir sinn eigin hugmyndabanka sem þar af leiðandi geta haft áhrif á að móta stíl ókominna tíma. Að mínu mati þá er Chalayan sá hönnuður sem veitir umhverfinu og pólitískum samtíma meiri athygli en þeir fatahönnuðir sem ef til vill horfa á myndir úr fortíðinni og taka innblástur sinn þaðan. En þess má geta að fatatískan kemur upprunanlega frá aðals- og kóngafólki sem sýndi fram á auðlegð sína og völd með fatnaðinum sem það gekk í.³¹ Það að leita þess heldur til náttúrunnar er því að segja má byltingarkennt að því leitinu til að auðlegð og völd eru ekki beinlínis gerð eftirsóknarverð.

Mannkynssagan er meðal annars aðgengileg í gegnum myndir, ímyndir og mismunandi stíla hvers tíðaranda, svo sem í listum – málverkum og á ljósmyndum – sem og í fatnaði. Og sá sem gengur í fatnaði gefur ímyndunum og myndunum úr mannkynssögunni byr og blæs lífi í hugsjón sem hönnuðir vinna út frá þegar þeir hanna fatnað í samtímanum. Í þeim skilningi er það að klæða sig upp ávallt einskonar leikur að myndum, með tilvísun í raunverulegar (fyrir)myndir sem sýna hvernig föt litu út í fortíðinni.³² Sá sem klæðist hönnuðum fatnaði úr samtímanum tengist umhverfi sínu, og að því leytnu til vill Chalayan tengja hann einnig náttúru og pólitísku samfélagi. Þar er

³⁰ Anne Hollander, *Seeing Through Clothes*. University of California Press, California, 1993, bls. 311.

³¹ Pauline Weston Thomas, „What is Fashion“, Fashion-Era.com, 2012, sótt 10. maí 2012, <http://www.fashion-era.com/sociology_semiotics.htm>

³² Anne Hollander, *Seeing Through Clothes*, bls. 311.

aftur komið að punktinum um að Chalayan sé ekki hefðbundinn hönnuður. Hann vinnur öðruvísi úr hugmyndum sínum þegar kemur að fatahönnun, eins og hann nefnir sjálfur í viðtali þegar hann er spurður út í vinnuferlið: „I am not really up to date with what is going on in the art world I just do what is good for my work. As a designer I have lots of ideas about how clothes should be worn and creating an atmosphere around them.“³³

Chalayan birtir aðra ímynd af samtímanum en flestir. Þegar breytingar og nýjungar verða á listaheiminum breytist útlit fatnaðar ósjálfrátt með, en Chalayan horfir í aðrar áttir þar sem tæknimöguleikar og frjóar hugmyndir eru hafðar að leiðarljósi. Meðvitað eða ómeðvitað virðist hann hafa þörf fyrir að finna innblástur og tjá þær kringumstæður og þau umhverfisáhrif sem líkaminn er innan um og verður fyrir áhrifum frá.³⁴ Sama hvort það er utanaðkomandi áhrif eins og auglýsingar, veðráttu, menning, pólitík o.s.frv. hefur hann náð að mynda sínar eigin aðferðir við hugmyndavinnu og úrvinnslu sem gerir hann einstakan fyrir vikið. En fatnaður og tíska koma ekki einungis út frá umhverfinu, það er einnig sniðið og líkaminn sem hafa eitthvað að segja hvernig fatnaður er hannaður.

Að klæðast fatnaði umhverfisins

Rétt eins og hægt er að segja að það að klæðast réttu fötunum og líta sem best út láti okkur líða vel í líkamanum er hægt að segja hið andstæða: að vera í óþægilegum eða óviðeigandi fötum lætur okkur líða asnalega, úr stað og viðkvæm. Í þessu ljósi er fatnaður bæði nán reynsla líkamans og félagsleg birtingarmynd.³⁵ Fatnaður endurspeglar sjálfsvitund fólks út í samfélagið og líkaminn er fulltrúi frá umhverfi sjálfins, óaðskiljanlegur frá sjálfinu.³⁶ Hann hefur sitt eigið tungumál – sem er meðal annars fatnaðurinn sem hann klæðist. Líta má á fatnað eftir Chalayan sem einskonar fullyrðingu út í nánasta umhverfi líkamans eða upphrópunarmerki sem getur vakið fólk til umhugsunar um líkamann og náttúruna.

³³ Tilv. rit, bls. 30.

³⁴ Anne Hollander. *Seeing Through Clothes*, bls. 11.

³⁵ Anne Hollander. *Seeing Through Clothes*, bls. 12.

³⁶ Joanne Entwistle. *The Fashioned Body: fashion, dress and modern social theory*. Blackwell Publishers Ltd, UK, 2000, bls. 6.

Líkaminn telst vera umhverfi sjálfsins, og þar af leiðandi óaðskiljanlegur sjálfinu. En þegar mannlíkamar eru klæddir, þá verða þeir líkamar í hinum félagslega heimi.³⁷ Fatnaður er hlutur sem fólk velur oftast að vera í og oftast en ekki sýnir hann fram á hvað það leggur áherslu á í sínu fari – með fatnaðinum sem það klæðist í og vill nota til að vekja aðra jafnvel til umhugsunar. Jafnvel nektin ein og sér getur gert slíkt, enda að mestu leyti óviðeigandi í félagslegum aðstæðum, en þó er hún yfirleitt undirstrikuð eða skreytt með skarti eða einungis ilmvatni: Þegar Marilyn Monroe var spurð hverju hún klæddist í rúminu fullyrta hún að það væri aðeins Chanel No. 5 – sem sýnir hvernig líkami án klæða getur samt sem áður verið hylltur eða skreyttur á einhvern hátt.³⁸

Tísku má líta á sem sameiginlega reynslu, endurminningu, frosin augnablik í sögu mannkynsins. Hún endurspeglar samfélagið og samtímann. Hún getur nýst sem pólitískt tæki og þar af leiðandi haft mikil áhrif. Tíska snýst ekki einungis um það að klæðast samkvæmt samtímanum og/eða líta vel út, heldur einnig að útvarpa því sem til er úr fortíðinni, skoðunum og eigin skynjun á umhverfinu. Tíska sem slík varð til í upphafi meira og minna eins og kom fram á undan, til út frá hærri stéttunum í samfélaginu til að sýna velmegun og völd. Má þar meðal annarra nefna Marie Antoinette drottning Frakklands á árunum 1774 – 1792 sem hafði mikil áhrif á tískustraumana, þó svo að hún hafi ekki beint uppgötvað tísku sjálf þá stuðlaði hún engu að síður að róttækri nýrri velmegun sem skapaði nýja tískustrauma.³⁹ Það fylgir þó ekki sögunni hversu þægilegt var að vera í slíkum fatnaði því að opinberar og auðugar persónur klæðast yfirleitt í takt við velmegunina í nútímanum sem þær lifðu í. Og þar kemur starf fatahönnuðarinn inn í myndina – hann notar fatnað sem tjáningamáta. Hvaða hugmyndir hönnuðurinn hefur því á samtímanum og hvað það er sem hann vill koma á framfæri skiptir því máli. Til þess þurfa fatahönnuðir að þekkja vel umhverfi sitt og getað útskýrt það og að sama skapi sett sitt perónulega mark á fatnaðinn til að skera sig frá öðrum fatahönnuðum – til að mynda með nýstárlegum hugmyndum sem Hussein Chalayan hefur einmitt meðal annarra tekist svo vel að gera, með verkum sínum og fatnaði.

³⁷ Joanne Entwistle. *The Fashioned Body*, bls. 6.

³⁸ Joanne Entwistle. *The Fashioned Body*, bls. 6.

³⁹ Anne Hollander. „The Queens Closet“, í *Slate*, 3. nóvember 2006, sótt 12. janúar 2012, <http://www.slate.com/articles/arts/fashion/2006/11/the_queens_closet.single.html>

Lokaorð

Að vera einstakur í fatahönnun er hæfileiki, Chalayan er sérstakur á sínu sviði í fatahönnun því hann býr ekki til eitthvern fatnað til að selja úti í búð heldur er það sagan á bakvið fatnaðinn og hugsjónin sem knýr hann áfram til að til að tjá hvað það er sem hann vill koma á framfæri. Það er það sem er eftirsóknarvert og sem að gerir hann að einum af mínum uppáhalds fatahönnuðum. Í raun vissi ég ekki mikið um hann fyrr en ég fór á sýninguna á verkunum hans í París, og var ég heilluð samstundis og má segja að hann náði gjörsamlega að kynna mér fyrir hugsjónum sínum eins og hann leggur svo mikið áherslu á í fatnaðinum sínum. Niðustaðan er sú að með þessari ritgerð vildi ég vekja til umhugsunar hvernig hægt er að nýta það sem er í umhverfinu á fatnað.

Hugmyndin byrjaði með því að ég fékk náttúruþrá, ég var stödd erlendis og saknaði vindsins heima á Íslandi, því mér var svo heitt og leið eins og ég næði ekki andanum því að loftið virðist þyngra í stórborgum. Þess vegna held ég að ég hafi heillast af hugmyndum hans til byrjunar, og þetta kom allt heim og saman að því leyti að hann talar oft um að hann vilji tjá sjáanlegu tenginguna sem verður þegar líkami er staðsettur í byggt umhverfi. Í þessu tilviki var ég þessi líkami sem staðsettur var í stórborg en það sem er frábrugðið var að ég tók eftir að það vantaði eitthvað, og það var kærkomni íslenski vindurinn. Hughrifin eða náttúruþráin urðu sterkari en umhverfið sem ég var í á þeim tíma.

En þó svo að hann sé eitt af mínum uppáhalds hönnuðum þá eru að sjálfsögðu eitthvað sem mér líkar ekki við og það er hve djúpt hann fer í verkefnið á þann hátt að afköstin, eða verkið sjálft, meðal annars í sýningunni *Before Minus Now*, þá finnst mér að hann hefði getað gert útgáfu af *the pink tulle dress* til þess að hin venjulega manneskja gæti eignast hann og gengið í honum. Einnig að því leyti því að hann hugsar oft svo mikið útfrá umhverfisáhrifum í samtímanum í bland við tækni og framúrstefnulegar hugmyndir að ég skil ekki að það sé ekki hægt að sameina bæði þættina og kappkosta að tæknin í kjólunum frá sýningunni *One Hundred and Eleven* yrðu að veruleika. Á þann hátt að venjulegur almúgi gæti gengið í þeim, það yrði stórkostleg breyting í fatabransanum. En eins og hann nefndi í byrjun á ritgerðinni, þá er þessi hugmyndafræði mjög ný ennþá en þetta er það sem knýr nýjar hugmyndir áfram. Hann brúar bilið á milli

Þegar talað er um fatahönnun í listrænum skilningi og svo í hönnunarlegum skilningi að mínu mati. Hann gerir bæði, eins og kom fram í ritgerðinni, byrjar á rýmisverkum og endar á tilbúinni flík sem sprettur út frá upprunalegu hugmyndinni. En hann fer oft meira út í það listræna og er það merkilegt því að hann hefur náð að koma sjálfum sér á kortið með framsækninni sem gerir hann að sönnum listamanni og fatahönnuði.

Heimildaskrá

Heimildir úr bókum:

- Entwistle, Joanne. *The fashioned body: Fashion, dress and modern social theory*. Blackwell Publishers Ltd, UK, 2000.
- Hollander, Anne. *Seeing through clothes*. 2. útgáfa, University of California Press, California, 1993.
- Quinn, Bradley. *Techno Fashion*, Berg, Oxford, 2002.

Heimildir af vefnum:

- *Björkish*, 2009, sótt 10. maí 2012, <<http://www.bjorkish.net/b-faq/connections/c-hus.htm>>
- *Designboom*, 2012, sótt 15. nóvember 2011, <<http://www.designboom.com/eng/interview/chalayan.html>>
- Fashion Model Directory / Designers, Fashion Model Directory, 2011, sótt 30. nóvember 2011, <<http://www.fashionmodeldirectory.com/designers/hussein-chalayan/>>
- Hollander, Anne. „The Queens Closet”, í *Slate*, 3. nóvember 2006, sótt 12. janúar 2012, <http://www.slate.com/articles/arts/fashion/2006/11/the_queens_closet.single.html>
- Mower, Sarah. „Chalayan”, *Style.com*, October 4, 2006, sótt 30. nóvember 2011. <<http://www.style.com/fashionshows/review/S2007RTW-HCHALAYA/>>
- Pakhchyan, Syusi. *Fashioning Technology*, Syusi, 2012, sótt 8. maí 2012 <<http://www.fashioningtech.com/profiles/blogs/hussein-chalayan-exhibit-at>>
- Thomas, Pauline Weston. „What is Fashion“, *Fashion-Era.com*, 2012, sótt 10. maí 2012, <http://www.fashion-era.com/sociology_semiotics.htm>

Ljósmyndir af vefnum:

- „Airborne”, Heimasíða Hussein Chalayan, Hussein Chalayan, 2007, sótt 12. janúar 2012,
<http://www.husseinchalayan.com/#/past_collections.2007.2007_a_w_airborne.12/>
- „Before Minus Now”, Heimasíða Hussein Chalayan, Hussein Chalayan, 2000, sótt 12. janúar 2012,
<http://www.husseinchalayan.com/#/past_collections.2000.2000_s_s_before_minus_now.14/>
- *Honue: (Hon)est & (Tr)ue*, Wordpress.com, 2009, sótt 10. maí 2012,
<<http://honue.wordpress.com/2009/04/17/hussein-chalayan-dress/>>
- „Inertia”, Heimasíða Hussein Chalayan, Hussein Chalayan, 2009, sótt 12. janúar 2012,
<http://www.husseinchalayan.com/#/past_collections.2009.2009_s_s_inertia.37/>
- „One Hundred and Eleven”, Heimasíða Hussein Chalayan, Hussein Chalayan, 2007, sótt 12. janúar 2012,
<http://www.husseinchalayan.com/#/past_collections.2007.2007_s_s_one_hundred_and_eleven.31/>

Sýningarskrá:

- „Airborne”, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.
- „Before Minus Now”, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.
- „Buried Dresses”, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.
- „Inertia”, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.
- „One Hundred and Eleven”, Hussein Chalayan, *Hussein Chalayan: Fashion Narratives*, Les arts Decoratives, París, 5. júlí – 13. nóvember 2011.